

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. október 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-24/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 6. apríl 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa, f.h. eigenda fasteigna að Z, vegna ágreinings um þjónustu sem keypt var af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur þjónustuna gallaða og krefst skaðabóta.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 18. júlí 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 28. ágúst 2017. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 22. september 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti þjónustu af seljanda sem fólst í því að steypa bílaplan fasteignarinnar að Z, en um þrjú plön er að ræða sem eru samtals um 192 fermetrar. Í fyrstu var seljandi beðinn um að gera eigendum tilboð í alla undirvinnu við planið og fyrir að steypa. Álitsbeiðandi og aðrir eigendur töldu tilboð seljanda of hátt. Var því ákveðið að eigendur fasteignarinnar myndu vinna undirvinnuna sjálf og seljandi aðeins taka að sér að steypa planið. Að sögn álitsbeiðanda var nauðsynlegt að fá fagmann til að steypa planið þar sem planið hallaði lítið.

Þann 2. september 2016 vann seljandi verkið, frá klukkan 8 um morguninn til klukkan um 14.30 þegar verkinu var lokið að sögn álitsbeiðanda. Þegar eigendur voru að vökva planið daginn eftir, samkvæmt fyrirmælum frá seljanda, segir álitsbeiðandi hafa uppgötvast að planið væri gallað. Nánar segir í álitsbeiðni:

„Það voru dældir í því öllu, á Z, myndaðist pollur á einum stað þrátt fyrir að þar væri góður halli. Á plani nr 11 myndaðist pollur og í stað þess að það læki ofan í niðurfallið þá lak allt yfir á plan nr 9. Á plani nr 9 myndaðist hálfgerð sundlaug og lak úr henni eftir litlum taumi út á götu en ekki ofan í niðurfall.“

Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda um leið sem kom og skoðaði planið. Seljandi var, að sögn álitsbeiðanda, gáttaður yfir þessu og sagðist hafa fengið efasemdir um að steypa planið þann dag sem verkið var framkvæmt, þar sem seljanda hafi fundist hallinn svo lítill. Seljandi sagði svo, samkvæmt álitsbeiðni að „hann hefði slegið til því sá sem hefði verið með honum hefði hvatt hann til þess.“

Seljandi skoðaði planið í nokkur skipti til viðbótar eftir að álitsbeiðandi tilkynnti um galla og sagaði seljandi m.a. í planið og sagðist vona að það myndi leysa vandann. Það leysti þó aðeins vandann á Z, að sögn álitsbeiðanda. Þá kemur fram í álitsbeiðni:

„Síðasta skipti sem hann kom var hann með mælitæki og mældi hallann á planinu. Þá sagði hann að það væri enginn halli og því hefði verið vonlaust fyrir hann að steypa þetta þannig að það myndaðist halli. Nú kennir hann undirvinnunni um gallann í planinu en við viljum meina að hann hafi verið ófaglegur og unnið þetta illa og þar með eyðilaggt planið. Hann telur okkur bera ábyrgð þar sem við gerðum undirvinnuna en við teljum að hann hafi eyðilaggt þann litla halla sem við vorum með þegar hann steypiti í svo miklu hasti og án nokkurra hæðarpunkta. Húsið stendur þannig að erfitt er að ná æskilegum halla.“

Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi sagst leggja upp með að lágmarki 1,5 cm. halla á hvern meter en seljanda hafi verið tilkynnt að það væri ekki hægt því hjá fasteigninni væri hallinn rúmlega 6 cm. frá gangstétt og að niðurfalli, sem er 5,9 metra vegalengd. Halli á hvern meter væri því rétt rúmlega 1 cm. Að sögn álitsbeiðanda kom seljandi tvisvar til að skoða planið áður en verkið var framkvæmt vegna þessara aðstæðna og var seljandi sérstaklega beðinn að skoða hvort undirvinnan væri í lagi. Var seljandi í fyrra skipti spurður hvort í lagi væri að hafa niðurfallið þar sem það var staðsett, sem seljandi svaraði játandi auk þess sem hann var beðinn um að láta vita ef það væri eitthvað athugavert við undirvinnuna þar sem einn eigandi fasteignarinnar vann hana án þess að hafa unnið slíkt verk áður. Að sögn álitsbeiðanda var sérstaklega nefnt við seljanda hvort það þyrfti ekki að „mynda hæð í planið við gangstétt til að ná vatnshalla niður að niðurfalli.“ Seljandi var spurður sérstaklega að þessu því gröfumaður sem aðstoðaði við undirbúning fyrir undirvinnuna hafði haft orð á þessu, en eigandinn sagðist svo leggja verkið í hendur seljanda um að gera þetta á sem bestan hátt þar sem hann væri fagmaðurinn. Í seinna skiptið sem seljandi kom eftir að undirvinnan var kláruð var tilgangurinn að sögn álitsbeiðanda að ganga úr skugga um að allt væri í lagi áður en steypubíll og dælubíll væru pantaðir fyrir verkið. Seljandi sagði svo vera. Nánar segir í álitsbeiðni:

„Þeir dældu steypunni á planið og okkur til mikillar undrunar þá voru þeir farnir klukkan 14.30 og komu ekkert aftur til þess að athuga með planið. Við höfum heyrt af því að þegar verið er að steypa svona plön þá séu menn að koma reglulega og athuga með plönin, glatta osfrv. Það átti alltaf að leysa þetta í sameiningu og Sigurður talaði alltaf um að leysa þetta með okkur. Hann ætlaði að fá hér verkfræðing til þess að mæla planið út. Það gerðist aldrei heldur mældi hann þetta sjálfur. Eftir síðasta skipti sem hann kom þegar hann mældi allt planið sagði hann að við hefðum ekki haft neinn halla á undirvinnunni fyrst að það mældist enginn halli núna og við heyrðum ekkert meira frá honum. Við mótmæltum og sögðum við hann að það hefði verið halli á undirlaginu. Hann sagði að það gæti ekki verið því þá væri halli á steypunni.“

Álitsbeiðandi segir ljóst að engin leið sé að laga planið heldur verði að brjóta það upp og vinna allt aftur, einnig undirvinnuna þar sem hún sé einnig ónýt. Tjón hvers eiganda er að sögn álitsbeiðanda um 500.000 krónur á hverja íbúð vegna kostnaðar við undirvinnu, snjóbræðslu, járnabindingu, niðurfall og steypu. Vegna þess ágreinings sem uppi er vilja eigendur ekki að seljandi bæti sjálfur úr gallanum og lagi planið. Álitsbeiðandi krefst því skaðabóta fyrir útlagðan kostnað vegna efniskaupa fyrir undirlagið, sem skemmdist þegar planið var steyp, samkvæmt reikningum, þ.e. fyrir hitaveiturör og festingar, járnabindingu, sand, niðurfall og steypu. Þá krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði fyrir gröfuvinnu við að ryðja planinu í burtu. Að lokum er þess krafist að álitsbeiðanda verði ekki gert að greiða fyrir þá vinnu sem seljandi vann þar sem planið sé gallað.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að álitsbeiðandi hafi séð um undirvinnuna sjálfur og verið „með verkfræðing í sínum snærum.“ Þá hafi starfsmaður seljanda spurt um halla á planinu áður en steyppt var og að sögn seljanda var honum sagt að hann væri um 1 cm. á meter. Seljandi kveðst hafa steyppt planið á grundvelli þessara upplýsinga en þær hafi síðar reynst rangar.

Seljandi tekur fram að hann hafi ekkert haft með undirvinnuna að gera, hún hafi hvorki verið unnin á hans ábyrgð né hafi það verið hans hlutverk að taka út undirvinnuna áður en hann ynni sitt verk sem hafi verið að steypa planið. Öll undirvinna var alfarið á ábyrgð álitsbeiðanda sem vann það verk að sögn seljanda. Eftir að planið hafði verið steyppt og í ljós kom að vatn rann ekki af planinu segir seljandi að það hafi verið hæðarmælt en þá hafi komið í ljós að enginn vatnshalli væri á planinu.

Að sögn seljanda rennur vatn ekki af planinu sökum þess að undirvinnan var ekki rétt unnin en það megi ekki rekja til vinnu seljanda við að steypa planið. Seljandi telur verk sitt ekki haldið galla og hafnar öllum kröfum álitsbeiðanda. Krefst seljandi þess að álitsbeiðandi greiði fyrir vinnuna.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi þjónustu af seljanda sem fól í sér að steypa bílaplan fasteignarinnar að Z., Eigendur fasteignarinnar sáu sjálfir um undirvinnu áður en seljandi tók við og steyppti planið þann 2. september 2016. Álitsbeiðandi tilkynnti seljanda þann 3. september 2016 að verkið væri gallað og segir álitsbeiðandi að dældir hafi verið í steypunni og pollar myndast á einum stað hjá Z, þrátt fyrir að þar væri góður halli. Þá hafi myndast pollur á planinu hjá Z11 og lekur pollurinn yfir á planið hjá Z9 í stað þess að fara ofan í niðurfall. Krefst álitsbeiðandi skaðabóta fyrir tjón sitt vegna útlagðs kostnaðar við að leggja undirlagið auk þess að seljandi greiði fyrir að steypan verði fjarlægð. Þá krefst álitsbeiðandi þess að verða ekki gert að greiða fyrir verkið.

Kærunefndin álitur að 4. og 9. gr. laga um þjónustukaup nr. 42/2000 (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðin eru svohljóðandi:

„4. gr. Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmunum neytanda fyrir augum.

9. gr. Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta vikur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almennungi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir

neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta viku að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann. “

Álitsbeiðandi telur að þjónusta seljanda hafi verið gölluð þar sem seljandi hafi ekki upplýst álitsbeiðanda um það að hann taldi undirvinnu ábótavant þrátt fyrir að álitsbeiðandi hafi ítrekað spurt seljanda um leiðbeiningar. Það hafi, ásamt lélegum vinnubrögðum, valdið því að vatn safnast saman á ákveðnum stöðum bílaplansins þar sem planið hallar ekki og steypa er ójöfn. Þá hefur álitsbeiðandi bent á að planið hafi hallað áður en vinna við steypu hófst og seljandi hafi ekki stuðst við „hæðarpunkta“ við vinnuna líkt og honum hafi borið. Seljandi hefur vísað til þess að hann beri ekki ábyrgð á undirvinnunni heldur hafi eigendur fasteignarinnar séð um þá vinnu.

Fallist er á það með seljanda að á honum hafi ekki hvílt sérstök leiðbeiningarskylda vegna þeirrar undirvinnu sem eigendur fasteignarinnar unnu, enda var sú vinna ekki hluti af því verki sem seljandi tók að sér. Hins vegar verður einnig að líta til þess að seljandi selur þjónustu sína sem fagmaður og má gera ráð fyrir að hann búi yfir sérfræðipækkingu sem almennur neytandi hefur ekki um vinnu sem þessa. Verður því að ætla að sú skylda hafi hvílt á seljanda að upplýsa álitsbeiðanda um mögulega annmarka á undirvinnunni og hvaða áhrif þeir annmarkar geti haft á eftirfarandi vinnu seljanda, sem hann tók að sér að vinna.

Af gögnum málsins verður einnig ráðið að seljanda hafi sérstaklega verið gerð grein fyrir því að hann yrði að gæta að halla plansins við steypunina vegna aðstæðna. Álitur kærufndin að bæði undirbúningsvinna seljanda og vinnan við að steypa planið hafi ekki verið eins vönduð og álitsbeiðandi mátti gera kröfu um, m.a. með vísan til þess að seljandi studdist ekki við hæðarpunkta við vinnuna. Í samræmi við framangreint er fallist á það með álitsbeiðanda að verkið sé gallað í skilningi 1. og 3. tl. 9. gr. þkpl.

Álitsbeiðandi hefur krafist skaðabóta sem nema kostnaði við að láta brjóta upp steypu á planinu svo og fyrir tjón vegna útlagðs kostnaðar á efniskaupum fyrir undirvinnuna sem mun einnig skemmast að sögn álitsbeiðanda við það að láta fjarlægja steypuna. Ákvæði 15. gr. þkpl. mælir fyrir um skaðabótaskyldu seljanda vegna tjóns sem neytandi verður fyrir, nema seljandi geti sýnt fram á að galli verði ekki rakinn til vanrækslu hans.

Það er undir álitsbeiðanda komið að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem megi sannanlega rekja til athafna seljanda. Í málinu liggja fyrir reikningar og útlistanir vegna útlagðs kostnaðar álitsbeiðanda við efniskaup vegna undirvinnunnar, en þeir eru eftirfarandi:

Kaup á sandi og akstur - 32.900 krónur
Millislá fyrir snjóbræðslu – 18.798 krónur
Járnammotta – 86.951 krónur
Snjóbræðslurör – 55.352 krónur
Snjóbræðslurör – 55.352 krónur
Innlegg Kopar – 1.460 krónur
Samtengi – 3.177 krónur
Rörsandur – 11.900 krónur
PVC beygja x3 og smurfeiti – 10.367 krónur
PVC rör x2 og skotmúffa – 3.387 krónur
Steypa – 711.917 krónur

Kærufndin álitur að seljandi sé skaðabótaskyldur gagnvart álitsbeiðanda vegna þess tjóns sem álitsbeiðandi og aðrir eigendur fasteignarinnar hafa orðið fyrir við kaup á efni við

undirvinnu vegna plansins og vegna þeirrar vinnu sem leggja þarf í að lagfæra hið gallaða bílaplan. Álitsbeiðandi hefur hins vegar ekki sýnt fram á að allt það efni sem notað var við undirvinnuna muni fara forgörðum þegar planið verður lagfært. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að eini möguleikinn á að bæta úr gallanum sé að brjóta upp allt planið. Æskilegast væri að kanna aðra möguleika til þrautar áður en planið verður fjarlæggt í heild sinni. Í ljósi allra atvika málsins er því ekki unnt að fallast á skaðabótaskyldu sem svarar til allra þeirra reikninga sem lagðir hafa verið fram í málinu. Álítur kærunefndin að seljanda beri að greiða skaðabætur til álitsbeiðanda og annarra eigenda fasteignarinnar, sem urðu fyrir tjóni, samkvæmt fyrirbyggjandi reikningi eða hæfilegri greiðsluáætlun vegna úrbóta á planinu.

Álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram reikning seljanda vegna þjónustunnar þar sem sá reikningur hefur ekki enn verið gefinn út samkvæmt álitsbeiðanda. Fyrir liggur að seljandi hefur bætt úr þeim galla sem var á bílaplani fasteignarinnar að Z13, en honum hefur ekki tekist að bæta úr galla á plani fasteignanna að Z9-11. Álítur kærunefndin að álitsbeiðanda og öðrum eigendum beri í samræmi við það að greiða 1/3 af fjárhæð þeirrar greiðslu sem seljandi krefst fyrir þjónustuna.

VI Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda skaðabætur vegna úrbóta á bílaplaninu að Z9-11, í samræmi við fyrirbyggjandi reikning eða greiðsluáætlun.

Álitsbeiðanda ber að greiða 1/3 af fjárhæð þeirrar greiðslu sem seljandi krefst fyrir vinnu sína.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson